

Námsmat fyrir alla í framkvæmd

Öll aðildarlönd Evrópumíðstöðvarinnar um þróun í sérkennslu hafa lagt áherslu á að námsmat í skólum án aðgreiningar sé grundvallaratriði fyrir þróun menntunar án aðgreiningar almennt. Öllum er ljóst að stefna og starf í matsmálum getur haft áhrif á námsmöguleika nemenda og ræður því oft hvort þeir geta stundað nám í almennum skólum.

Eitt meginviðfangsefni Evrópulandanna um þessar mundir er að þróa matskerfi sín og aðferðir á þann hátt að þau stuðli að námi án aðgreiningar en komi ekki í veg fyrir slíkt. Hvarvetna er unnið að því að tryggja að stefna í matsmálum, aðferðir og starfsemi taki mið af öllum nemendum, eftir því sem unnt er.

Markmiðið með samantekt þessa pakka er að útvega sérfræðingum og stefnumótandi aðilum efnivið og upplýsingar um hvernig innleiða megi námsmat sem stuðlar að námi án aðgreiningar.

Efnið í þessum pakka er allt saman afrakstur verkefnisins „Námsmat í skólum án aðgreiningar“ sem unnið var á vegum Evrópumíðstöðvarinnar af sérfræðingum frá 25 löndum – Austurríki, flæmsku- og frönskumælandi hluta Belgíu, Kýpur, Tékklandi, Danmörk, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Grikklandi, Ungverjalandi, Íslandi, Írlandi, Ítalíu, Lettlandi, Litháen, Lúxemborg, Hollandi, Noregi, Póllandi, Portúgal, Spáni, Svíþjóð, Sviss og Bretlandseyjum (Englandi og Wales).

Í fyrsta áfanga verkefnisins var fjallað um stefnu og starf varðandi námsmat í skólum án aðgreiningar. Helstu niðurstöður þessa áfanga verkefnisins má finna á slóðinni: <http://www.european-agency.org/site/themes/assessment/index.shtml>

Þar er að finna skýrslur frá 23 löndum þar sem stefnu og starfi í matsmálum er lýst, gagnagrunn með upplýsingum um viðkomandi lönd og yfirlitsskýrslu þar sem gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum verkefnisins á 19 tungumálum.

Í fyrsta áfanga verkefnisvinnunnar var fyrst og fremst fjallað um hvað átt sé við með námsmati fyrir alla, og það er skilgreint á eftirfarandi hátt:

Námsmat í almennum skólum þar sem stefna og starf miðar að því að efla menntun allra nemenda eins og kostur er. Aðalmarkmiðið með námsmati fyrir alla er að allar stefnur og aðferðir sem beitt er skuli stuðla að aukinni þátttöku og aðlögun allra nemenda sem eiga á hættu að vera aðgreindir frá öðrum, einnig þeirra sem eru með sérþarfir.

Litið er á námsmat fyrir alla sem mikilvægt markmið sem allir stefnumótandi aðilar og sérfræðingar ættu að setja sér. Í verkefninu eru fyrst og fremst færð rök fyrir því að námsmat fyrir alla skuli vera leiðandi stefna í almennu matsstarfi og að:

Reglur sem gilda um námsmat fyrir alla séu reglur sem stuðla að kennslu og námi fyrir alla nemendur. Nýjungar á sviði námsmats fyrir alla bera vott um gott starf sem allir nemendur njóta góðs af.

Námsmat fyrir alla miðar alfarið að því að koma í veg fyrir aðgreiningu með því að forðast (eins og kostur er) hvers kyns flokkun og með því að beina sjónum að námi og kennslu sem eflir menntun án aðgreiningar í almennum skólum.



Slíkt mat er aðeins raunhæft með viðeigandi stefnumótun og skipulagi innan skólanna og stuðningi við kennara sem hafa jákvætt viðhorf til náms án aðgreiningar.

Í öðrum áfanga verkefnisins fór fram rannsókn á því hvernig hægt er að innleiða námsmat fyrir alla með því að beina sjónum að þremur samtengdum þáttum: stuðningi við kennara, skipulagi innan skólans, aðferðum og tækjum til að fá ýmsa aðila til þátttöku í matsferlinu.

Allar skýrslurnar í þessum pakka innihalda samantekt á ýmsum hugmyndum um hvernig námsmat fyrir alla getur farið fram:

- Tillögur um stefnumótun sem stuðlar að námsmati fyrir alla;
- Grunnviðmið varðandi stefnu og starf;
- *Leiðsagnarmat*;
- Lykilatriði til að hægt sé að innleiða námsmat fyrir alla.

Óstytt útgáfa, ítarefni og heimildir hvernar skýrslu er að finna á heimasíðu verkefnisins.

Allar upplýsingar um verkefnið „Námsmat í skólum án aðgreiningar“ sem og upplýsingar um sérfræðingana sem unnu að verkefninu er að finna á slóðinni <http://www.european-agency.org/site/themes/assessment/index.shtml>

Einnig er til gagnagrunnur yfir efni sem tengist matsmálum með tenglum, útdráttum og greinum og tækjum til niðurbals fyrir kennara, fræðimenn og annað fagfólk: <http://www.european-agency.org/assessment/resourceguide>

Nánari upplýsingar um Evrópumíðstöðina fyrir þróun í sérkennslu eru veittar hjá:

Aðalskrifstofa
Østre Stationsvej 33
DK-5000 Odense C Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel
3, Avenue Palmerston
BE-1000 Brussels, Belgium
Sími: + 32 2 280 33 59
brussels.office@european-agency.org

www.european-agency.org